

Ed.

461. Nefndarálit

um frv. til l. um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin er ósammála um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hlutinn (IngP og MG) samþykkja frv. óbreytt, en undirritaður minni hluti leggur til, að það verði fellt.

Frumvarp þetta er staðfesting á bráðabirgðalögum, er ríkisstjórnin setti 8. janúar síðastliðinn og varð númer 2 í röðinni af þeim málum, er lögð hafa verið fram á yfirstandandi Alþingi. Til allshn. efri deildar kom það 5. maí s. l. Hafði það tekið smávægilegum breytingum í neðri deild, þó ekki efnisbreytingum, meðal annars er nafni gerðardóms breytt í dómnefnd. Um mál þetta mun hafa verið samningur milli aðalþingflokka, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, um framgang þess. Öll rök, sem lögð hafa verið fram bæði í ræðu og riti gegn því, eru að vettugi virt. Einstakir þingmenn þeirra flokka munu bundnir af þeim samningi, er þáverandi ríkisstjórn hafði bundið fastmælum að framkvæma, þótt þeir hins vegar sjái, út í hvaða ófæru stjórn þeirra hafði gengið með setningu laganna. Út frá þessu sjónarmiði var nefndinni ljóst, að rökræður um málið innan nefndarinnar voru þýðingarlausar, og þótt um tilhneigingar gæti verið að ræða um skynsamlegar breytingar á frv., þá var nefndinni allri ljóst, að þær mundu þýðingarlausar, því málið ætti að ganga fram í þeirri mynd, sem það nú er.

Með bráðabirgðalögunum, sem þingið svo á að leggja blessun sína á og samþykkja, var stofnað til innanlandsófriðar milli stéttanna í þjóðfélaginu. Lögunum er fyrst og fremst stefnt gegn verkalyðssamtökunum, svo og gegn öðrum launþegum landsins, hvort heldur þeir eru í þjónustu ríkis, bæja eða einstaklinga. Höfuðmarkmiðið er að banna alla grunnkaupshækkun hjá öllu launafólki, án tillits til þess, hvernig grunnlaunin voru hjá einstökum stéttarfélagum og launaflokkum á þeirri stundu, er lögin voru sett. Sjálfsákvörðunarrétti verklyðsfélaganna og einstaklinga

um að setja verð á vinnuafli sitt, samningsréttinum, verkfallsréttinum, er burtu kippt með einu pennastriki. Hinum lögboðna rétti verkalýðsfélaganna, er þeim var veittur með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er vikið til hliðar og að engu hafður. Löggjöf, sem átti að tryggja og tryggði þjóðfélaginu friðsamlega lausn hinna viðkvæmstu deilumála, sem uppi hafa verið með þjóð vorri um tugi ára, — baráttan um kaup og kjör launastéttanna. — Atvinnurekandanum, sem jafnvel vill greiða verkamanni sínum herra kaup og að öðru leyti veita honum betri lífskjör en hinn bjó við, honum er bannað að semja við stéttarfélag verkamannsins, þótt hann telji atvinnurekstri sínum það kleift og til meiri ávinnings fyrirtæki sínu. Ef út af þessu er brugðið af félögum eða félagasamböndum, má dæma þau og auk þess stjórnendur þeirra í sektir, allt að kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsund krónur. Með þessum sektarákvæðum skyldi taka fyrir kverkarnar á öllum hreyfingum, sem miðuðu gegn lögnum.

Gerðardómur er skipaður, sem á að dæma um brot á lögnum með þeim þröngu takmörkum, sem í þeim felast um kauphækkunir. Dómurinn þannig skipaður, að sjónarmið ríkisstjórnarinnar og þar með þeirra atvinnurekenda, er þengst hugsa í þessum málum, er svo vandlega tryggt, að vart gat betur. Verkalýðsstéttin eða launamannastéttin á þar engan fulltrúa. Er hér vikið út frá þeirri meginreglu um skipun gerðardóma, sem vanalegast er, að skipaðir séu jafnmörgum frá hverjum aðila og oddamanni hlutlausum, eftir því sem bezt verður fundinn.

Samkvæmt lögnum skyldi dómnum „heimilt að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun“. — Ekki hefur þess orðið vart, að gerðardómurinn hafi notað sér þessa heimild; þó er það mál manna, að ýmis tilefni hefðu gefizt þar til. Hið sama má einnig segja um breytingar á verðlagi innlendra framleiðsluvara, þar sem ávallt er hægt að skjóta sér undir tilkostnað við framleiðslu þeirra. Enda eru þau fá dæmin, sem slíkar vörur hafa verið lækkaðar í verði. Dómurinn hefur því orðið að vinna sitt vanþakkláta hlutverk, að beita sér gegn kauphækkunum fyrst og fremst, enda lögin á þann veg sniðin honum í hendur.

En í þeim efnum verður vart neitað, að sjónarmið dómendanna virðist hafa verið mjög á reiki. Einu stéttarfélagi eru veittar að mestu fullar kröfur sínar — járníðnaðarmönnum. Er það sízt að lasta. Á sama tíma er öðrum neitað um kjarabætur, sem atvinnurekendur voru sumpart búnir að semja um eða voru fúsir til að ganga að, — klæðskerasveinar og meyjar og verkafólk í bókbandsiðnaði o. fl. Virðist svo, sem hið gamla lögmál hafi í þessum tilfellum gilt, að réttur hins veikari er fyrir borð borinn, en hinn sterki fær sínum kröfum fullnægt. Kaups- og kjarasamningur verkamanna í Vestmannaeyjum er ógiltur. Hið sama er einnig gert um kauphækkunarsamning hins lágt launaða iðjufólks á Akureyri. Þá eru til verklýðsfélög, sem gerðu kauphækkunarsamning eftir áramót, eins og verkalýðsfélag Gerðahrepps, sem dómurinn hefur ekki látið sig neitt varða, og skal það sízt harmað. Fleiri dæmi mætti telja fram, sem sýna fálmið í framkvæmd laganna. En því ber ekki að neita, að mörg stéttarfélög og meðlimir þeirra hafa orðið hart úti vegna laganna, og þá þau félög, þar sem atvinna er rýrari en þar, sem hún er bezt, og meðal stétta, sem ýmissa hluta vegna eiga óhægt um vik að hverfa að öðrum störfum. Þar getur ekki eftirspurnin eftir vinnuafli knúð fram kjarabætur, eins og komið er á daginn, að veittar eru þar, sem verkamaðurinn hefur allar dyr opnar. Lögin hafa því orðið þess valdandi, að meira ósamræmi er nú í landinu en nokkurn tíma fyrr, og var ósamræmið nægilega mikið fyrir, sem verklýðssamtökin hafa barizt fyrir að ráða bót á og munu gera, þegar þau fá frelsi sitt endurheimt. Þessi ástæða er nægileg út af fyrir sig til andstöðu gegn lögnum.

Hins er rétt að geta, að lögin hafa verkað öfugt við það, sem þeim var ætlað, að halda öllu kaupi óbreyttu, og þá sérstaklega á Suðurlandi, þar sem eftirspurn eftir vinnuafli er mest. Það er nú kunnugt, að verkamönnum er greitt á ýmsan hátt herra kaup en samningar hljóða um með aukatímum, sem ekki eru unnir; við erfiða vinnu, svo sem kolauppskipun, er greitt herra kaup. Ýmsir verkamenn fá taxtakaup iðn-

aðarmanna í járn- og trésmíðaiðnaði. Sumar iðnstéttir hér í bæ fá kaup á laun, og nú fyrir skemmstu fékk fámenn iðnstétt samning um 20% grunnkaupshækkun og önnur hlunnindi. Það er vitanlegt, að ríkisstjórnin, sú hin sama, er setti gerðardómslög, hefur leyft vegamálastjóra að greiða Dagsbrúnargrunnkaup í vegavinnu í nágrannasýslunum og í öðrum 30 aura grunnkaupshækkun frá því, sem hún ákvað síðastliðið ár, en þá neitaði hún að semja við Alþýðusamband Íslands um 25 aura hækkun frá því, sem gilt hafði almennt úti um land 1940.

Það er vitanlegt, að nú er ráðið fyrir allverulega hærra kaup til landbúnaðarframleiðslunnar en gildi síðastliðið ár, með vitund fyrrverandi ríkisstjórnar. Það er enn fremur kunnugt, að fyrrverandi dómsmálaráðherra mælti með verulegum kjarabótum handa lögreglunni í Reykjavík. Það er kunnugt, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt miklar kaups- og kjarabætur handa starfsmönnum og verkamönnum, er hjá bænum vinna. Hvort gerðardómurinn eða dómnefndin, eins og hún nú skal heita, hefur lagt samþykki sitt á þessar ráðstafanir, skal ósagt látið. En um flest það, er ég hef hér að framan talið fram, mun hún ekki hafa verið spurð. En um sektarákvæði á hendur atvinnurekendum, er hlut eiga að máli, hefur enginn heyrt. Flest rök, ef ekki öll, hníga að því, að kaupbindingarákvæði laganna séu brotin í svo stórum stíl, að það sé sjálfsblekking ein að ætla þeim að gilda áfram. Þau gera aðeins það eitt að skapa óheyrilegt misrétti milli einstakra stétta í landinu og ósamræmi milli landsfjórðunganna í kaupgreiðslum meira en verið hefur.

Þrátt fyrir þessar kauphækkanir, sem áður greinir, meðal verkamanna og iðnaðarmanna, þá virðist svo sem þær hafi ekki haft áhrif á dýrtíðarvisitöluna sem af er ársins, og sannar það eitt, sem haldið hefur verið fram af Alþýðuflokknum, að það er ekki nokkur prósent grunnkaupshækkun verkalýðsstéttanna, sem fyrst og fremst hefur áhrif á hækkun visitölnunnar. Það eru aðrar ráðstafanir, sem bent hefur verið á af sama flokki, sem ráða þar mestu um, hvernig stöðva beri dýrtíðina, og fyrrverandi ríkisstjórn virðist að nokkru hafa talið sig knúða til að taka upp, jafnvel þó í ótíma væri. Um vettlingatök stjórnarinnar í dýrtíðarmálunum yfirleitt skal ekki farið út í hér. Nægir að vísa í því efni til hins rökstudda og ýtarlega nefndarálits minni hlutans í neðri deild í þessu máli, þskj. 108.

Fyrrverandi ríkisstjórn hefur með setningu bráðabirgðalaganna brotið eina meginreglu, sem ríkisstjórnir meðal lýðræðisþjóða mundu ekki hafa leyft sér að gera, þar sem líkt hefði staðið á og hér, að knýja fram ráðstafanir í beinni andstöðu við eina fjölmennustu og þýðingarmestu stéttina fyrir allt athafnalíf landsins, verkalýðsstéttina, ráðstafanir, sem ganga gegn hagsmunum hennar, svipta hana rétti, sem þjóðfélagið hefur veitt henni að lögum, og þar með sett hana skör lægra en þær stéttir, sem fyrst og fremst hafa fleytt rjómann af því óvenjulega ástandi, er ríkir í landinu. Með tilvísun til þess, er hér að framan er skráð, legg ég til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. maí 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.